



Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2014

### **Umsögn um frumvarp til laga um örnefni, þingskjal 832 – 481 mál.**

Landssamband sumarhúsaeygenda, sem eru hagsmunasamtök sumarhúsaeygenda, fagnar framkomnu frumvarpi til laga um örnefni.

Landssambandið sér mikla möguleika í því upplýsingakerfi sem frumvarpið fjallar um til að koma öllum frístundahúsum á landinu inn í miðlægan gagnagrunn ef frumvarpið verður að lögum

Landssamband sumarhúsaeygenda hafði forgöngu um það á árunum kringum síðustu aldamót að koma markvisst öryggismerkingum á öll sumarhús á landinu með því að hnita staðsetningu þeirra. Komið var fyrir miðlægrri skráningu frístundahúsa í landinu hjá Neyðarlínunni. í samvinnu við Neyðarlínuna, Fasteignamatíð, Vegagerðina og Landmælingar Íslands.

Tilgangur öryggismerkingar er að auka öryggi dvalargesta í frístundahúsum, sem eru oft á tíðum aðkomuaðilar. t.d gestir í orlofshúsum stéttarfélaganna, sem þekkja ekki til staðsetningar ef neyð kemur upp. Þekkt er að í neyðartilvikum fari björgunaraðilar villur vegar vegna ónákvæmra upplýsinga um staðsetningu sumarhúss og bestu leið þangað. Öryggismerking á sumarhús geta komið í veg fyrir að mikilvægur tími björgunarliðs fari til spillis í neyðartilvikum.

Talið er að meira en annað hvert sumarhús hafi tekið þátt í þessu verkefni LS og hafi öryggisnúmer tengt Neyðarlínunni. En betur má ef duga skal. Það er enginn vafi í huga Landssambandsins að kerfið hafi virkað vel síðan það var tekið upp og hafi bjargað mannlífum. Eftir að Landssambandið gaf verkefnið frá sér lýsti það yfir áhuga á að sett yrði ákvæði í lög eða reglugerð um skyldu húsbyggjanda til að hnita frístundahús strax við útgáfu byggingarleyfis og setja það inn í kerfi Neyðarlínunnar og jafnframt að finna leið til að skrá eldri hús inn í kerfið sem fyrst sem ekki tóku þátt í verkefni LS. Það hefur ekki gengið eftir því miður.

Samkvæmt frumvarpinu munu sveitarstjórnir koma beint að þessum málum og bera ábyrgð á skráningu staðfanga í sínu umdæmi sem verða skráð í miðlægan gagnagrunn á vegum Þjóðskrár Íslands. Skráin mun geyma hnit fasteignanna (staðfangs) í samræmdu landshnitakerfi sem mun auðvelda öflun upplýsinga um þau. Staðföng verða til þess fallin að auðvelda skráningu öryggisnúmera á öll frístundahús sem fyrir eru í landinu.

Verði frumvarpið að lögum verður þá framangreindu markmiði Landssambandsins að öll sumarhús verði hnitúð og skráð í miðlægan gagnagrunn náð innan tiltölulega skamms tíma.

Leggur því Landssamband sumarhúsaeigenda til að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi svo að þegar verði ráðist í það nauðsynjamál að hnitsetja öll frístundahús á landinu og koma þeim upplýsingum inn í samræmdan gagnagrunn sem Neyðarlínan hefði aðgang að.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar



Sveinn Guðmundsson, hrl.